

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 29/2008

frá 14. mars 2008

um breytingu á XIII. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2008 frá 1. febrúar 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB frá 20. desember 2006 um ökuskírteini (endursamin) ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2006/126/EB fellur tilskipun ráðsins 91/439/EBE ⁽³⁾, sem hefur verið felld inn í samninginn, úr gildi 19. janúar 2013, að frátöldum ákvæðum 4. mgr. 2. gr., en þau falla úr gildi 19. janúar 2007.
- 4) Af þessum sökum ber að fella tilskipun 91/439/EBE úr samningnum þannig að breytingin komi til framkvæmda 19. janúar 2013.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 24e (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006):

„24f. **32006 L 0126:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB frá 20. desember 2006 um ökuskírteini (endursamin) (Stjtið. ESB L 403, 30.12.2006, bls. 18).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Annar málslíður 1. mgr. 1. gr. hljóði svo:

„Ökuskírteini EFTA-ríkjanna skulu bera auðkenni ríkisins sem gefur ökuskírteinið út. Auðkenni viðkomandi ríkja eru þessi: IS (Ísland), FL (Liechtenstein), N (Noregur).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 154, 12.6.2008, bls. 27, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 33, 12.6.2008, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 403, 30.12.2006, bls. 18.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 237, 24.8.1991, bls. 1.

- b) Komi til þess að ný aðildarríki bætist í hóp EES-ríkjanna skal Liechtenstein gefast 5 ára aðlögunarfrestur til að hlíta skuldbindingum samkvæmt 1. mgr. 1. gr. ásamt e-lið 3. liðar I. viðauka.
- c) Upphafsorð c-liðar varðandi framhlið skírteinisins í 3. lið I. viðauka hljóði svo:

„auðkenni EFTA-ríkisins sem gefur út skírteinið, umlukt sporöskjunni sem um getur í 37. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um umferð á vegum frá 8. nóvember 1968 (á sama bakgrunni og skírteinið); auðkennin skulu vera sem hér segir:“
- d) Eftirfarandi bætist við í c-lið varðandi framhlið skírteinisins í 3. lið I. viðauka:

„IS: Ísland

FL: Liechtenstein

N: Noregur“
- e) Í stað orðanna „fyrirmynd Evrópubandalaganna“ í e-lið varðandi framhlið skírteinisins í 3. lið I. viðauka komi orðin „EES-fyrirmynd“.
- f) Eftirfarandi bætist við í e-lið varðandi framhlið skírteinisins í 3. lið I. viðauka:

„Ökuskírteini

Fører kort/Førarkort“
- g) Ákvæði f-liðar varðandi framhlið skírteinisins í 3. lið I. viðauka gilda ekki.
- h) Á eftir orðinu „sænsku“ í b-lið varðandi bakhlið skírteinisins í 3. lið I. viðauka bætist við orðin „eða íslensku eða norsku“.

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 24a (tilskipun ráðsins 91/439/EBE):

„– **32006 L 0126**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB frá 20. desember 2006 (endursamin) (Stjtið. ESB L 403, 30.12.2006, bls. 18).“

3. Texti liðar 24a (tilskipun ráðsins 91/439/EBE) falli brott 19. janúar 2013.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2006/126/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 14. mars 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.